

12. fundur umhverfisnefndar 1. júlí 2015

Mættir: *Sigríður J. Sigurfinnsdóttir, Elísabet Björney Jónsdóttir og Ragnhildur Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð.*

1. Umhverfisnefnd tekur ákvörðun um að senda út dreifibréf á íbúa sveitarfélagsins þar sem óskað verður eftir tilnefningum til umhverfisverðlauna Bláskógabyggðar 2015. Umhverfisverðlaun verða veitt á hátíðinni „Tvær úr tungunum“ sem haldin er í Reykholti um miðjan ágúst.
2. Nýlega kom út skýrsla um niðurstöður umhverfisþings Bláskógabyggðar. Sveitarstjórn hrósaði henni og þakkar umhverfisnefnd góð viðbrögð við skýrslunni. Vinna við gerð umhverfisstefnu Bláskógabyggðar verður látin bíða til haustsins.
3. Sigríður J. Sigurfinnsdóttir sagði frá þeim fundum og ráðstefnum sem hún hefur setið fyrir hönd umhverfisnefndar Bláskógabyggðar á síðustu misserum.
4. Fulltrúar umhverfisnefndar ásamt Kristinni sviðsstjóra hjá Bláskógabyggð fóru í ferð í Skeiða- og Gnjúpverjahrepp þar sem skoðaðar voru lausnir þeirra í tengslum við lífrænan úrgang. Umhverfisnefnd skorar á sveitarstjórn að koma upp sambærulegu kerfi í Bláskógabyggð þar sem reynslan í Skeiða- og Gnjúpverjahreppi sýni að hægt er að spara í sorpmálum með þessari aðferð.
5. Tæknisvið uppsveitanna var með fund á Borg í Grímsnesi 28.apríl 2015 þar sem formaður umhverfisnefndar mætti. Þar var rædd samvinna þessara sveitarfélaga vegna útboða í sorpmálum. 5. maí var farið í ferð á höfuðborgarsvæðið þar sem kynnt var sér starfsemi Íslenska Gámasvæðið og Sorpu.
6. Umhverfisnefnd stefnir að því að biðja um fund með sviðsstjóra næsta vetur þar sem umhverfisnefnd myndi fá kynningu á sorp og seyrumálum innan sveitarfélagsins.